



Hinir ýmsu stimplar sýningarinnar.

Félag frímerkjasafnara í Reykjavík 25 ára

Hér í þáttunum hefi ég áður minnst á að Félag frímerkjasafnara í Reykjavík væri 25 ára á þessu ári. Þessa var minnst að nokkru á afmælisdeginum í júní, en nú stendur til að gera afmælinu enn betri skil.

Fyrir skömmu átti ég samtalið við formann félagsins, Pál Ásgeirsson og gaf hann mér ýmsar upplýsingar um hátíðahöldin. Þar er þá fyrst að nefna mikla frímerkjasýningu, sem haldin verður á Kjarvalsstöðum dagana 19.-23. ágúst. Er ég kalla þetta mikla frímerkjasýningu, er það bæði vegna þess magns frímerkja er þarna verður sýnt, sem og vegna þeirra safna sem þar verða en þau eru í ótrúlega háum gæðaflokki.

Safn Arvelins úr sögu Finnlands hefir áður hlotið fern gullverðlaun Safn Astedt frá Svíþjóð hefir hlotið 11 alþjóðleg gull og eitt stórt gull. Safn Görsa Hedbom hefir hlotið 6 gull. En nóg um gullmennina. Íslendingar taka einnig þátt og verður forvitnilegt að sjá mörg söfn þeirra. T.d. safn Þórs Þorsteins, Þjóðskjalasafnsins og Jóns Halldórs-sonar, svo nokkuð sé nefnt. Þá verða einnig Færeyingar með. Má þar nefna Ingvarð Jacobsen og Thorolf Björklund. Írar koma hér einnig við sögu og heimsekja afkomendur sína hér á landi. H. Mitchell sýnir finnska stimpla. P. Casey sýnir „Tour of London“, svo nokkuð sé nefnt. Þá verður þetta tækifæri fyrir okkur að sjá safn Þjóðverjans Bliese af skildingum og auramerkjum.

Þá verða aðgöngumíðar að afmælisfagnaði félagsins á Hótel Sögu seldir á sýningunni. Sýningin verður svo opin daglega frá klukkan 14.00 til klukkan 22.00, nema á laugardeginum frá klukkan 14.00 til klukkan 20.00.

Þetta verður í fyrsta skipti, sem íslensk frímerkjasýning hefir sérstakt efni á hverjum degi. Á opnunardeginum verður notaður hinn almenni stimpill sýningarinnar. Daginn eftir, 20. ágúst er svo dagur póstsins með sérstakri mynd í stimpli. Þann 21. ágúst er svo dagur Félags frímerkjasafnara, með enn nýrri mynd. Þá er 22. ágúst dagur Landsþings L.Í.F. með merki Landsambandsins í stimplinum. Lokar er svo lokadagurinn, 23. ágúst, dagur ungra frímerkjasafnara, með alþjóðlegu merki samtaka þeirra í stimplinum. Þarna er því um 5 mismunandi stimpla að ræða á sýningunni.

Þarna hefi ég talið upp 3 atriði, sem gera sýningu þessa sérstaka.



Unnið að uppsetningu frímerkjasýningar

Stimplafjöldann, gæði safnanna og stærð sýningarinnar. Öllum þeim, sem ég hefi rætt við, ber saman um að þetta sé allt fyrst og fremst verk Páls, formanns félags frímerkjasafnara. Megi raunar næstum segja að sýningin sé það sem kallað er „One man show“. Að vísu þarf alltaf nokkra til að halda slíka sýningu, en of mikil áhersla verður víst varla lögð á þátt Páls í henni.

Þá verður ennfremur minjasýning frá Póstminjasafni Íslands í Hafnarfirði. Verða þar ýmsir gripir, sem notaðir voru af póstum hér áður fyrr. Póstmannafélag Íslands mun ennfremur sýna sögu sína og störf. Verður það einnig forvitnilegt.

Er við lítum til þessara 25 ára, sem liðin eru frá stofnun félagsins, finnst okkur sem að henni stóðum kannski ekki langur tími. En þeim unglungum sem upp eru að vaxa í dag finnst þetta vera löng leið og víst hefir mikið vatn runnið til sjávar síðan. Af stofnendum félagsins eru nú aðeins 13 eftir lífandi og enn starfandi í félaginu. Það er orðinn fámennur hópur, sem eitthvað mun fá að heyra frá félaginu á þessum tímamótum, vegna framlags síns og þolgæðis.

Þann 21. ágúst, á degi F.F. verður því haldin hátíðarfundur félagsins af þessu tilefni. Verður þar vafalaust glatt á hjalla og meira minnst á gömlu góðu dagana, en leikið sér með frímerkji.

Að lokum vil ég svo óska félaginu og stjórn þess til hamingju með aldarfjórðungsfarmælið. Þetta er aðeins fyrsta stóra skrefið á langri leið. Hvað okkur stofnendum tekst að lífa mörg slík skref veit Guð einn, en njótum þeirra meðan þau eru og vinnum félaginu, óskadraumnum okkar allt það gagn er við megum.

Hafnarfirði 8.8. '82. Sigurður H. Þorsteinsson.



Frá hátíðarfundi í F.F. Andlit Páls Ásgeirssonar á miðri mynd.



Sigurður H. Þorsteinsson skrifar

Héraðsmót í Skagafirði

Hið árlega héraðsmót Framsóknarmanna í Skagafirði verður í Miðgarði laugardaginn 28. ágúst og hefst kl. 21.00.

Ingvar Gíslason, menntamálaráðgjafi flytur ávarp. Listafólkið Ólöf Kolbrún Harðardóttir og Garðar Cortes syngja við undirleik Jóns Stefánssonar.

Jóhannes Kristjánsson fer með gamanmál. Hjómssveit Geirmundar Valtýssonar leikur fyrir dansi. Nefndin.



Vestfjarðakjördæmi

Kjördæmisþing Framsóknarmanna í Vestfjarðakjördæmi verður haldið að Núpi 28. og 29. ágúst n.k. og hefst kl. 14.00 laugardaginn 28. ágúst. Áhersla er lögð á að fulltrúar fjölmenni á þingið.

Stjórn kjördæmissambandsins.

- Öll almenn prentun
Litprentun
Tölvueyðublöð
Tölvusettir strikaformar
Hönnun
Setning
Film- og plötugerð
Prentun
Bókband

PRENTSMIDJAN Edda HF.

SMÍÐJUVEGI 3, 200 KÓPAVOGUR.

Veist þú hverju það getur forðað



Hverjum bjargar það næst



Tíminn UMBODSMENN

Table listing members of the Umbodsmenn organization across various regions: Akranes, Borgarnes, Ríf, Ólafsvík, Grundarfjörður, Stykkishólmur, Búðardalur, Patreksfjörður, Bíldudalur, Flateyri, Suðureyri, Bolungarvík, Ísafjörður, Suðavík, Hólmavík, Hvammstangi, Blönduós, Skagatrönd, Sauðárkrúkur, Siglufjörður, Ólafsvík, Dalvík, Akureyri, Húsavík, Raufarhöfn, Þórshöfn, Hvolsvöllur, Hella, Vestmannaeyjar, Stokkseyri, Eyrarbakkur, Þorlákshöfn, Faskrudsfjörður, Selöf, Stöðvarfjörður, Höfn, Vík, Hvalsvellur, Hella, Vestmannaeyjar, Stokkseyri, Eyrarbakkur, Þorlákshöfn, Faskrudsfjörður, Selöf, Hveragerði, Grindavík, Sandgerði, Kellavík, Ytri-Njarðvík, Inni-Njarðvík, Hafnarfjörður, Garðabær.

Bló Hollin Sími 78900

Salur 1

Frumnýr spennumyndina When a Stranger Calls (Dularfullar símringingar)



Þessi mynd er ein spennna frá upphafi til enda. Ung skólátúka er fengin til að passa börn á kvöldin, og lífsreynslan sem hún lendir í er ekkert grín. Bláaummæli: An efa mest spennandi mynd sem ég hef séð (After dark Magazine)

Spennmynd ársins. (Daily Tribute) Aðalhlutverk: Charles Durning, Carol Kane, Colleen Dewhurst Bönnuð börnun innan 16 ára Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11

Salur 2

Hvellurinn (Blow out)



John Travolta varð heimsfrægur fyrir myndirnar Saturday Night Fever og Grease. Núna aftur kemur Travolta fram á sjónarsviðið í hinni heimsfrægu mynd DePalma BLOW OUT. Sýnd kl. 5, 7, 9.05 og 11.10.

Salur 3

Óskarsverðlaunamyndina Amerískur varúlfur í London (An American Werewolf in London)

Það má með sanni segja að þetta er mynd í algjörum sérflokki, enda gerði John Landis þessa mynd, en hann gerði grínmyndirnar Kentucky Fried, Delta klíkan, og Blue Brothers. Einnig lagði hann mikið við að skrifa handrit að James Bond myndinni The Spy Who Loved Me. Myndin fékk Óskarsverðlaun fyrir forðun í mars s.l. Sýnd kl. 5, 7 og 9

Píkuskraekir

Russy Talk er mjög djörf og jafnframt mynd sem kemur öllum á óvart. Myndin sló öll aðsóknarmet í Frakklandi og Svíþjóð. Aðalhlutverk: Penelope Lamo, Nils Hertz. Leikstjóri: Frederic Lansac. Stranglega bönnuð börnun innan 16 ára. Sýnd kl. 11

Salur 4

Flugstjórinn (The Pilot)

Cliff Robertson The PILOT The Pilot er byggð á sönnun atburðum og framleidd í cinema-scope eftir metsöluhöf Robert P. Davis. Mike Hagan er frábær flugstjóri en áfengið gerir honum lífið leit. Aðalhlut.: Cliff Robertson, Diane Baker, Dana Andrews. Sýnd kl. 5, 7 og 11.20

Fram í sviðsljósið (Being There)

Grínmynd í algjörum sérflokki. Myndin er talin vera sú albesta sem Peter Sellers lék í, enda fékk hún tvenn Óskarsverðlaun og var útfærð fyrir 6 Golden Globe Awards. Sellers fer á kostum. Aðalhlutverk: Peter Sellers, Shirley Maclane, Melvin Douglas og Jack Warden. Leikstjóri: Hal Ashby. Íslenskur texti. Sýnd kl. 9